

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd Alþingis
Sendandi: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Dagsetning: 19.01.2023
Málsnúmer: FRN22060134
Bréfalykill: 02.12.01

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (réttindaávinnsla og breytt framsetning).

Á fundi velferðarnefndar Alþingis 18. janúar 2022 fjallaði nefndin um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (réttindaávinnsla og breytt framsetning). Óskaði nefndin eftir minnisblaði félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um tiltekin atriði sem fram koma í frumvarpinu og umsögn ÖBÍ réttindasamtaka (ÖBÍ) um frumvarpið, dags. 12. janúar sl.

1. Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur farið yfir umsögn ÖBÍ og leggur til að eftirfarandi breyting verði gerð á frumvarpinu: Á eftir orðinu "bætur" í 2. mgr. d-liðar 12. gr. frumvarpsins (sem verður ný 58. gr.) komi orðin "sömu tegundar". Er vísað til rökstuðnings ÖBÍ fyrir breytingunni.

2. Gildistaka.

Í 21. gr. frumvarpsins er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2023. Eðli málsins samkvæmt er nauðsynlegt að breyta ákvæðinu og leggur ráðuneytið til að það verði svohljóðandi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. Aðrar breytingar.

Auk framangreinds leggur ráðuneytið til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

- Á eftir orðinu "lögskrá" í b-lið 7. gr. frumvarpsins komi orðið "á". Orðið hefur fallið brott við vinnslu frumvarpsins.
- Í stað orðanna "15.-17." í 13. gr. frumvarpsins komi: 15., 17. Er þannig lagt til að 16. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar falli ekki brott og er ástæðan sú að í 18. tölul. ákvæðis til bráðabirgða sem og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um félagslega aðstoð er vísað til 16. töluliðar og því nauðsynlegt að hann haldi gildi sínu.
- Á eftir 18. gr. frumvarpsins komi ný 19. gr. svohljóðandi: "12. gr. laganna fellur brott." Kveðið er á um greiðsluþátttöku þeirra sem njóta dagdvalar í 19. gr. laga um málefni aldra og greiðir sjúkratryggingastofnunin kostnað við þjónustuna umfram greiðslur. Verði þessi breyting gerð verða 19.-22. gr. frumvarpsins að 20.-23. gr.

4. Uppfærð vinnuskjöl.

Með minnisblaði þessu fylgja tvö vinnuskjöl sem sýna lög um almannatryggingar og lög um félagslega aðstoð eins og þau yrðu ef frumvarpið yrði samþykkt óbreytt. Í vinnuskjölunum hefur verið tekið tillit til þeirra breytinga sem hafa orðið á lögnum frá því að frumvarpið var lagt fram á Alþingi, sbr. lög nr. 122/2022 (eingreiðsla), lög nr. 123/2022 (frítekjumark og skerðingarhlutfall) og lög nr. 124/2022 (greiðslutímabil endurhæfingarlífeyris), sbr. einnig 18. og 19. gr. laga nr. 129/2022, um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023. Þá hafa fjárhæðir verið uppfærðar en bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð hækkuðu um 7,4% frá 1. janúar 2023 sem og framfærsluviðmið skv. 2. mgr. 9. gr. síðarnefndu laganna.